

## **56. fundur**

atvinnumálanefndar Stykkishólms var haldinn í ráðhúsinu í Stykkishólmi 26. nóvember 2002, kl. 20:30.

Mætt voru: Magnús Bæringsson formaður, Þorsteinn Sigurðsson, Sæþór Þorbergsson, Sigríður Elisdóttir og Helga Guðmundsdóttir, varamaður Björgvins Guðmundssonar. Þá var mættur Óli Jón Gunnarsson, bæjarstjóri.

Formaður setti fundinn kl. 20:30 og sagði frá því að til fundarins hafi sérstaklega verið boðaðir kl. 21:00, forsvarsmenn skelvinnslu og veiða.

Rúnar Gíslason, forseti bæjarstjórnar, mætti kl. 20:35.

Formaður kynnti dagskrá fundarins og fór yfir síðustu niðurstöður mælinga Hafrannsóknastofnunar á ástandi hörpudisks í Breiðafirði.

Kl. 21:00 mættu Gunnlaugur Árnason, Sigurður Ágústsson, Halldór Jónasson og Kristinn Ó. Jónsson. Ellert Kristinsson mætti kl. 21:15.

### **Dagskrá:**

#### **1. Umræða um ástand skelveiða og niðurstöður síðustu rannsókna Hafrannsóknastofnunar.**

Mikil umræða átti sér stað um niðurstöður síðustu rannsókna Hafró, en fram kom hjá útgerðarmönnum að ekkert væri hægt að segja til um framhaldið, fyrir en eftir að fundað hafi verið með sjávarútvegsráðherra og hans ákvörðun liggur fyrir um það hvort stöðva eigi skelveiðar þegar í stað, eða hvort útgerðirnar fái að veiða úthlutaðan kvóta þessa fiskveiðiárs. Það liggja þó ljóst fyrir að auka þurfi enn frekar eftirlit og mælingar á stofninum. Fram kom hjá forsvarsmönnum vinnslu og veiða að búið væri að leggja fyrir ráðherra tillögur um nánari rannsóknir á skelmiðum.

**Fundi var slitið kl. 21:50.**

**Fundargerð lesin yfir og samþykkt.**